

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður hf. Jarlsstaðir, Rangárpíngi ytra



Dags eftirlits	27.4.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Reykjagarður hf.	Eftirlitsmaður	Margrét Helga Guðmundsdóttir
Heimili	Fossháls 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6509032180	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingþórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sett voru fram tvö frávik frá lögum, reglum og kröfum í starfsleyfi og fimm ábendingar um það sem betur má fara í starfsemi.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti var farið í reglubundið eftirlit í pauleldi Reykjagarðs að Jarlsstöðum þann 27. apríl 2022. Fulltrúar rekstraraðila voru: Magnús Huldar Ingþórsson, Hólmfríður Þórsdóttir, Þórður Gíslason og Þór Þorsteinsson en Kristín Kröyer og Margrét Helga Guðmundsdóttir mættu frá Umhverfisstofnun. Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun þann 29. febrúar 2019 og gildir til 26. febrúar 2035. Eldið samanstendur af fjórum fuglahúsum með stæði fyrir allt að 60.000 fugla. Árið 2021 var meðalfjöldi fugla á búinu 44.537 fuglar og heildarfjöldi fugla á árinu um 480.000 fuglar.

### Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Áætlun um rekstrarstöðvun (gr. 2.7)
- Meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur (gr. 3.8)
- Skráningar (gr. 4.1)
- Mælingar og/eða mat (gr. 4.2)
- Skýrslugjöf (gr.4.4)
- Vöktunaráætlun umhverfisvöktunar (gr. 4.6)
- Áhættumat
- Annað

### Niðurstöður síðasta eftirlits

Ekki voru sett nein frávik í síðasta eftirliti en sett voru fram tvær ábendingar.

Önnur ábendingin var vegna misræmis í heimild fyrir magn olíu sem geyma má á svæðinu. Samkvæmt deiliskipulagi er heimilt að geyma 400 lítra af olíu vegna varaafis og kyndingar. Núna eru olíugeymar fyrir allt að 10.000 lítra í notkun á svæðinu. Fram kom í eftirlitinu að verið er að vinna í að breyta deiliskipulaginu til leyfa 10.000 lítra af olíu á svæðinu.

Hin ábendingin var að bent var á að samkvæmt ákvæði í grein 3.8 í starfsleyfi er einungis heimilt að dreifa húsdýraáburði sem samsvarar 891 kg af köfnunarefni á ári. Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt úttekt á magninu. Í eftirlitinu var rætt að rekstraraðili gerir úttekt á magni köfnunarefnis á árinu og farið verði yfir það í næstkomandi eftirliti.

### Áætlun um rekstrarstöðvun

Rekstraraðili hefur gert áætlun um frágang vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar eldishúsa og uppfærða áætlun um frágang vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar eldishúsa. Bent var á í eftirlitinu að við gerð áætlana er gott að halda utan um mismunandi útgáfur áætlana og dagsetningu hvenær gert er ráð fyrir að farið sé yfir áætlanirnar næst. Að öðru leyti voru ekki gerðar athugasemdir við áætlanirnar en sýnishorn stofnunarinnar að áætlun vegna rekstrarstöðvunar, tímabundinnar eða varanlegrar var afhent í eftirliti

### Meðhöndlun húsdýraáburðar og hauggeymslur

Í starfsleyfi kemur fram að einungis megji losa, við dreifingu, 891 kg af köfnunarefni á ári. Þessi tala er

tilkomin vegna þess að rekstraraðili notaði þetta magn í matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar. Þessi tala er heildar magn sem dreifa má óháð flatarmáli sem dreift er á. Rekstraraðili þarf að rannsaka styrk köfnunarefnis í áburðinum og áætla þannig það magn sem dreift er frá búinu. Komi í ljós að magn köfnunarefnisins sé um eða yfir 891 kg/ári þarf rekstraraðili að sækja um breytingu á starfsleyfinu og til þess að gera nýja matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

Í eftirlitinu var hauggeymslan skoðuð. Verið var að vinna við tæmingu hennar og talsvert magn af áburði hafði fallið á jörðina fyrir utan hauggeymsluna og niðurföll í hauggeymslunni stífluð sem samræmist ekki 2.4 grein starfsleyfisins um að rekstraraðili skuli halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu.

### **Skráningar**

Í grein 4.1 í starfsleyfinu kemur fram hvaða atriði rekstraraðili skuli hafa reglulegt eftirlit með og skrá reglulega upplýsingar um. Farið var yfir þennan lista í eftirlitinu og eru flest atriði skráð í rekstrardagbókina nema eftirfarandi:

- Engin mengunaróhöpp hafa átt sér stað og þar af leiðandi ekki verið skráð, en komi til þess verða þau skráð í rekstrardagbókina,
- Engar kvartanir hafa borist og þar af leiðandi ekki verið skráðar, en komi til þess verða þær skráðar í rekstrardagbókina,
- Prófun og kvörðun tækjabúnaðar, er ekki framkvæmt. Skoða þarf hvað framleiðandi mælíbúnaðar segir til um kvarðanir, hversu oft þarf að kvarða búnaðinn. Rekstraraðili þarf að skoða hvort viðgerðaraðilar séu nú þegar að kvarða búnaðinn og ef svo er þá þarf sú skráning að koma fram í rekstrarhandbókinni.
- Teikningar af frárennsli eldishúsanna var ekki til staðar í eftirlitinu.
- Lyfjagjöf er ekki skráð, þar sem engin lyf eru notuð á búinu.

### **Mælingar og/eða mat**

Í eftirlitinu var rætt um BAT-AEL eða losunargildi sem tengjast bestu fánlegu tækni. Í BAT niðurstöðunum fyrir þaueldi eru settar fram þrjár töflur yfir losunargildi og heildarmagn sem mikilvægt er að rekstraraðili skoði og geri sér grein fyrir. Til þess að uppfylla þessi skilyrði þarf að framkvæma útreikninga eða mælingar í samræmi við BAT. Ekki er víst að þeir útreikningar sem gerðir eru í losunarbókhaldinu séu samanburðarhæfir við þá sem framkvæma skal skv. BAT.

Samkvæmt starfsleyfi skal rekstraraðili framfylgja mæliáætlun skv. vöktunaráætlun starfseminnar. Vöktun er framkvæmd og skýrslu skilað árlega.

### **Skýrslugjöf**

Samkvæmt starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit og senda Umhverfisstofnun samanber gr. 4.1 í starfsleyfinu fyrir 1. maí ár hvert. Í græna bókhaldinu koma vissar af þessum skráningum fram en rekstraraðili þarf að endurskoða svo öllum skráningum sé skilað.

### **Vöktunaráætlun umhverfisvöktunar**

Rekstraraðili skal hafa vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun. Verið er að vinna eftir vöktunaráætlun en hún hefur ekki verið sendi inn til Umhverfisstofnunar til samþykktar.

Farið var stuttlega yfir vöktunaráætlunina í eftirlitinu og ýmsa þætti vantar í áætlunina svo sem: einingar á loftgæðin og heildar innihald köfnunarefnis og fósfor í áburðinum sem verður til á búinu.

Í skýrslu vegna vöktunaráætlunarinnar skulu ammoníakslosunin, og heildarinnihald köfnunarefnis og fosfórs í áburðinum skilað á sama formi og fram kemur í töflunum í BAT niðurstöðunum.

### **Áhættumat**

Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður gert á haustmánuðum áður en áætlun Umhverfisstofnunar um eftirlit næsta árs mun liggja fyrir.

### **Annað**

Rekstraraðili hefur sett saman viðbragðsáætlun um aðgerðir vegna mengunaróhappa. Þessi áætlun miðast þó eingöngu við olíuóhöpp en það er mat stofnunarinnar að fræðilega sé einnig hættu á annarskonar óhöppum. Til þessara getur m.a talist bilun í hreinsibúnaði og of mikil losun ammóníaks, dreifing áburðar í læki og fleira mætti telja. Einnig er það mat stofnunarinnar að við gerð slíkra áætlana sé mikilvægt að koma því að, að ein af fyrstu viðbrögðum við óhöppum sé ávallt að takmarka frekari mengun. Nauðsynlegt er að bæta inn í þessa áætlun að við hreinsun á olíumenguðum jarðvegi getur reynst nauðsynlegt að taka jarðvegssýni og til eru viðmiðunarmörk fyrir magn olíu í jarðvegi sem koma

fram í reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Kynnt var heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta.

Húsageymar á svæðinu eru tvöfaldir plast tankar en þeir eru búnir ófullnægjandi árekstrarvörnum. Staurar hafa verið reknir niður í mölina við geymana. Það er mat stofnunarinnar að þetta sé ekki fullnægjandi árekstrarvörn.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
40. gr í lögum 7/98 um hollustuhætti og mengunarvarnir samanber 16. Lið 5. gr. frá starfseminni í samræmi við töflur 1.1, 1.2 og 3.2 í BAT Í reglugerð 935/2018 um BAT.	Rekstraraðili framkvæmir ekki mælingar eða útreikninga á losun niðurstöðum sem gilda fyrir starfsemina.
42. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	Öruggar mengunar- og árekstursvarnir skulu tryggðar við rekstur húsageyma. Húsageymar á svæðinu eru búnir ófullnægjandi árekstrarvörnum. Árekstrarvarnir samanstanda af staurum sem reknir hafa verið niður í mölina við geymana.

## ÁBENDINGAR

1. Huga þarf að snyrti mennsku við tæmingu hauggeymslunnar.
2. Fara þarf yfir listann í grein 4.1 í starfsleyfinu og sannreyna að öll atriðin á listanum séu skráð.
3. Bæta þarf við einingum fyrir mælingar á loftgæðum í umhverfisvöktunarskýrslunni.
4. Rekstraraðili þarf að taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, fyrir öll atriði sbr. gr. 4.1 í starfsleyfinu fyrir 1. maí á hverju ári.
5. Uppfæra þarf viðbragðsáætlun um aðgerðir vegna mengunaróhappa.

Reykjavík, 09.06.2022

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Kristín Kröyer

